



Blönduósi, 30. júní 2022

Matvælaráðuneytið

**b.t. aðili:** Skrifstofa landbúnaðar

Skúlagötu 4

101 Reykjavík

**Efni:** Bókun Byggðaráðs Húnabyggðar.

Eftirfarandi var bókað í gjörðabók Byggðaráðs Húnabyggðar á 2. fundi byggðaráðs sem haldinn var þann 30. júní 2022.

**12. Umsögn Húnabyggðar um drög að reglugerð um blóðtöku úr fylfullum hryssum – 2206053**

Eftirfrandi bókun var samþykkt af Byggðaráði Húnabyggðar og mun verða send inn í samráðsgátt, sem athugasemd við reglugerðina. Blóðtaka er mikilvægur þáttur landbúnaðar í Húnabyggð og hefur um árabíl verið mikilvæg stoð í atvinnulífi í dreifbýli sveitarfélagsins.

Byggðaráð Húnabyggðar telur eðlilegt að skerpt sé á umgjörð um blóðtöku og unnið sé markvisst að því að tryggja velferð og heilbrigði þess búfenaðs sem um ræðir. Í reglugerðardrögunum eru þó atriði sem setja núverandi starfsemi bænda skorður, sem ekki eru nægjanlega rökstuddar. Er hér sérstaklega vísað til liðar 8e, en þar segir: „*Aldrei má taka meira en 5 lítra af blóði vikulega úr hryssu og að hámarki í 6 vikur ár hvert.*“ Hingað til hefur mátt draga blóð úr hryssum í allt að 8 skipti (vikur). Byggðaráð bendir á að í skýrslu þeirri er liggur til grundvallar reglugerðardrögunum koma ekki fram nein vísindaleg rök fyrir þessari breytingu. Breyting þessi veldur hins vegar verulegri tekjuskerðingu hjá þeim bændum sem greinina stunda. Eðlilegt væri að frekari rannsóknir væru unnar á áhrifum blóðtöku á gripina áður en verulegar breytingar eru gerðir á því verklagi sem viðgengist hefur í áratugi.

Einnig telur byggðaráð að of skammur tími sé gefin frá áformaðri gildistöku reglugerðarinnar þar til blóðtaka hjá bændum á að hefjast.

Að öðru leyti tekur Byggðaráð Húnabyggðar undir umsögn Bændasamtaka Íslands um sama málefni, dagsett 30. júní 2022 og sent Matvælaráðuneytinu.

Þessi afgreiðsla byggðaráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

fyrir hönd Byggðaráðs Húnabyggðar,

Einar Kristján Jónsson,